

þessum, því að þær eru aðeins bráðabirgðaskýrslur til þess að fá nokkra hugmynd um, hvernig aflinn skiftist eftir árstíðum. Skýrslur þessar skal senda sýslumanni eða bæjarfógeta innan hálfis mánaðar frá vertíðarlokum, en hann sendir þær þegar til stjórnarráðsins. **126** 4. des.

Bráðabirgðaafskýrslurnar fyrir þilskipin koma fyrst til framkvæmda á næsta ári (1913), en hinsvegar væntir stjórnarráðið þess, að sýslumenn og bæjarfógetar sjái til þess, að hið nýja form fyrir ársskýrslum útgjörðarmanna verði þegar notað um næstu áramót undir skýrslur um afla botnvörpuskipa og annara fiskiskipa á yfirstandandi ári (1912).

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um dvalarsveit þurfalings. 127

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 16. október þ. á., hefir hingað borist erindi hreppsnefndarinnar í Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dags. 9. september þ. á., er ákveður, að Skefilsstaðahreppur í tjeðri sýslu skuli vera laus við kröfur Hólshrepps útaf sveitarstyrk veittum Benedikt nokkrum Benediktssyni. 17. des.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Hólshrepps, að með því að stjórnarráðið verður að telja hinn áfrýjaða úrskurð rjettan, á hann að standa óhaggaður.

Úrskurður

sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu:

Benedikt nokkur Benediktsson, sem viðurkendur er sveitlægur í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu, en var ráðinn vinnumaður að hálfu í Hvammkoti í Skefilsstaðahreppi hjer í sýslu krossmessuárið 1911—1912, og var að hálfu húsmaður þar, fjekk sig lausan úr vistinni um veturinn, til þess að leita sjer atvinnu við sjóróðra og fór til Bolungarvíkur í Ísafjarðarsýslu í því skyni. Þegar þangað kom veiktist hann og var, að því er virðist að tilhlutun hreppsnefndar Hólshrepps, lagður á sjúkrahúsið á Ísafirði, og kostaði dvöl hans þar, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, 228 kr. 10 au. Hólshreppur hefir síðan krafði Skefilsstaðahrepp um $\frac{1}{3}$ hluta þessarar upphæðar, sökum þess, að hinn síðarnefndi hreppur verði að teljast dvalarhreppur umrædds þurfamanns. Kröfu þessari hefir hreppsnefnd Skefilsstaðahrepps neitað með öllu, þarsem Hólshreppur hafi verið dvalarhreppur hans, er hann varð styrksþurfi, en heimilisfangi hans og dvöl í Skefilsstaðahreppi slitið.

Ágreiningur þessi leiddi til þess, að þjer, herra sýslumaður, óskuðuð þess, í brjefi, dags. 30. júlí þ. á., að úrskurður yrði lagður á málið.

Eftir þeim málavöxtum, sem að framan er getið, verður eigi litið svo á, að Skefilsstaðahrepp eigi að telja dvalarsveit umrædds þurfamanns, í þeim skiln-

127 ingi, sem 63. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 alveg ótvírætt virðist leggja í það
 17. des. orð, því að hefði Skefilsstaðahreppur verið dvalarsveit hans, hefði sá hreppur einnig
 átt að veita honum styrk, samkvæmt nefndri lagagrein, en slíkt væri auðsjáan-
 lega rangt, og verður því eigi hjá því komist, að skoða Hólshrepp dvalarsveit
 þurfalingsins, er hann varð styrksþurfi. Kostnaður af honum er því Skefilsstaða-
 hreppi óviðkomandi, jafnvel þótt þurfamaðurinn teldist hafa verið heimilisfastur
 þar, er hann varð styrksþurfi.

Því úrskurðast:

Skefilsstaðahreppur á að vera laus við kröfur Hólshrepps í þessu máli.

128

12. okt.

Almennar reglur

um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma,

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 24, 16. nóvember 1907, um varnir gegn út-
 breiðslu næmra sjúkdóma, hefir stjórnarráðið í samráði við landlækni sett eftir-
 farandi almennar reglur um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

I. kafli.

Um sjúkdóma, sem yfirvöld skulu ætíð verja almenning fyrir.

1. gr.

Þeir næmir sjúkdómar, sem yfirvöld skulu ætíð verja almenning fyrir,
 eru þessir: *kólera, gul hitasótt, útbrotataugaveiki* (typhus exanthematicus), *bólusótt,*
mislingasótt, skarlatssótt og pest (pestis orientalis).

2. gr.

Ef sjúkdómur kemur upp á heimili og er auðsætt eða grunsamt að vera
 muni einhver þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í 1. gr., þá skal húsráðanda skylt,
 að skýra hjeraðslækni sínum frá því tafarlaust. Þó má hann, ef vill, skýra hrepp-
 stjóra sínum frá sjúkdóminum, eða hreppsnefndarmanni, eða sýslumanni, eða bæj-
 arfógeta, en hann skal jafnskjótt láta lækni vita. Með heimamönnum eru hjer-
 taldir aðkomumenn, er hafa húsnaði á heimilinu um stundarsakir, og einnig þeir,
 sem eru þar í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur upp meðal þeirra, sem eru í
 nauðungarvist á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, skólum og líkum stofnunum,